

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 2003

Nr. 568

1822

17. júlí 2003

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. F-reitur (vesturhluti). Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 27. maí 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi vesturhluta F-reits í Vatnsenda. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af fyrirhuguðum húsum við Fellahvarf til austurs, Vatnsendabletti 5 til suðurs, breyttri legu Elliðahvammsvegar til vesturs og núverandi Vatnsendavegi til norðurs. Í tillögunni felst að á deiliskipulagssvæðinu verði byggð þriggja hæða fjölbýlishús með 42 íbúðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum dags. 19. júní 2002. Tillagan var samþykkt óbreytt en eftirfarandi lagfæringar voru gerðar á deiliskipulagsgögnum: skilmálar um staðsetningu húsa innan lóðar voru gerðir skýrari, bætt var inn skilmálum um sameiginleg leiksvæði auk upplýsinga um hljóðvist.

Uppdrættir hafa lotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. júlí 2003.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

Nr. 569

23. júlí 2003

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á lifandi laxfiski og hrognum sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum vegna veirusjúkdómsins blóðþorra (ISA) er óheimilt að flytja inn lifandi fisk af laxfiskaætt (Salmonidae) sem á uppruna sinn í Færeyjum og Noregi.

Einnig er óheimilt að flytja inn lifandi hrogn fiska af laxfiskaætt (Salmonidae) sem eiga uppruna sinn í Færeyjum og Noregi nema hrognin hafi verið sótthreinsuð tvisvar, bæði

nýfrjóvnguð og á augnhrognastigi, og með fyrirvara um að viðkomandi sendingu fylgi vottorð í því formi sem sett er fram í viðauka I með ákvörðun þessari.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin af landbúnaðarráðherra í samráði við yfirdýralækni á grundvelli 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðalög nr. 103/2003, með hliðsjón af ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópu-bandalaganna frá 29. janúar 2003 nr. 2003/70/EC og 2003/71/EC og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. júlí 2003.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Sigríður Norðmann.

VIÐAUKI I

Model health certificate regarding ISA for salmonid eggs originating in Norway
Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði varðandi ISA í hrognum laxfiska með uppruna í Noregi

Tilvísunarnr. / Reference code No:

FRUMRIT / ORIGINAL

<p>1. Viðeigandi stjórnvald / Authorities involved</p> <p>1.1 Lögbært stjórnvald / Competent authority:</p> <p>.....</p> <p>1.2. Lögbært útgefandi stjórnvald</p> <p>1.2. Competent issuing authority:</p> <p>.....</p> <p>2. Upprunastaður sendingar 2. Place of origin of the consignment</p> <p>2.1. Upprunaeldisstöð / Farm of origin:</p> <p>.....</p> <p>2.2. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar</p> <p>2.2. Address or location of farm:</p> <p>.....</p> <p>2.3. Nafn, heimilisfang og símanúmer sendanda</p> <p>2.3. Name, address and phone number of the consignor:</p> <p>.....</p> <p>.....</p>	<p>3. Ákvörðunarstaður sendingar Destination of the consignment</p> <p>3.1. Aðildarríki / Member State:</p> <p>.....</p> <p>3.2. Eldisstöð, heiti / Farm name:</p> <p>.....</p> <p>3.3. Heimilisfang / Address:</p> <p>.....</p> <p>3.4. Nafn, heimilisfang og símanúmer viðtakanda</p> <p>3.4. Name, address and phone number of the consignee:</p> <p>.....</p> <p>4. Flutningsfar og auðkenni sendingar 4. Means of transport and consignment identification</p> <p>4.1. Flutningabíll, skip eða flugfar / Lorry, ship, or aircraft:</p> <p>.....</p> <p>4.2. Skráningarnúmer, nafn skips eða flugnr.</p> <p>4.2. Registration number(s), ship name or flight number:</p> <p>.....</p> <p>4.3. Auðkenni sendingar / 4.3. Consignment identification details:</p>
---	---

5. Lýsing á sendingu / Description of the consignment

Frjóvnguð hrogn eftirfarandi fisktegunda / Fertilised eggs of the fish specie(s)

Vísindaheiti / Scientific name	Almennt heiti / Common name	Heildarmagn hroгна / Total volume of eggs
<input type="checkbox"/> <i>Salmo salar</i>	<input type="checkbox"/> Atlantshafslax / Atlantic salmon	
<input type="checkbox"/> <i>Salmo trutta</i>	<input type="checkbox"/> Sjóbirtingur / Sea trout	
<input type="checkbox"/> <i>Oncorhynchus mykiss</i>	<input type="checkbox"/> Regnbogasilungur / Rainbow trout	

6. Heilbrigðisvottun fyrir hrogn laxfiska með uppruna í Noregi til eldis í EB.

Ég undirritaður eftirlitsmaður, lýsi því hér með yfir að þau hrogn sem vísað er til í 5. lið þessa vottorðs hafa verið sóthreinsuð tvisvar, bæði sem nýfrjóvnguð hrogn og á augnhrognastigi, í samræmi við lið 5.2 í Viðauka 5.2.1 við alþjóðlegar reglur um heilbrigði vatnalífvera, sem gefnar eru út af Alþjóðastofnuninni um smitsjúkdóma dýra (*Office of Epizootics – OIE*), þriðju útgáfu, 2000, og eiga uppruna sinn í eldisstöð sem ekki sætir heilbrigðistakmörkunum vegna gruns um tilvik blóðþorra (ISA).

6. Animal health attestation for salmonid eggs originating in Norway for farming in the EC


I, the undersigned official inspector, hereby certify that the eggs referred to at point 5 of this certificate have been disinfected twice, both at the green egg stage and the eyed egg stage, in accordance with Section 5.2, Appendix 5.2.1. of the International Aquatic Animal Health Code of the International Office of Epizootic Diseases, Third Edition 2000, and that they come from a farm that is not under animal health restrictions due to a suspicion or an outbreak of infectious salmon anaemia.

Gjört í / Done at

(Staður / Place)

hinn / on

(Dagsetning / Date)



.....
(Undirskrift opinbers eftirlitsmanns)
(Signature of official inspector) (1)

.....
(Nafn með hástöfum, hæfni og staða)
(Name in capital letters, qualifications and title)

(1) Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en annar texti vottorðsins.

The signature and seal must be in a colour different of that of the printing.